



74. þing Norðurlandaráðs, Helsingfors 31. okt. – 3. nóv. 2022
Umræðuskjal fyrir 1. nóv. 2022

Umræðuskjal fyrir leiðtogafund norrænu forsætisráðherranna um fram tíð Norðurlanda og norræns samstarfs á þingi Norðurlandaráðs 2022

Finnska formennskuáætlunin í Norðurlandaráði hefur lagt áherslu á mikilvægi fram tíðarmiðaðra Norðurlanda og komið með tillögu að fram tíðarráðstefnu. Á leiðtogafundi með forsætisráðherrunum fer fram umræða um fram tíð Norðurlanda og norræna samstarfsins og hlutverk Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

Norrænu löndin hafa unnið að því að skapa heimsskipulag sem byggist á trausti, sameiginlegum reglum, virðingu við alþjóðlega samninga og mannréttindi og tekur afstöðu gegn hervaldi. Í kjölfar grimmdarlegrar og tilefnislausrar árásar Rússlands á Úkraínu hefur þetta starf verið rífið niður og það mun taka langan tíma að byggja það upp aftur. Í þeirri vinnu ættu Norðurlönd að beita sér.

Alþjóðlegt samstarf um að ráðast gegn sameiginlegum ógnum hefur liðið fyrir þessa nýju öryggisógn. Skilyðri fyrir hnattræna þróun og vinnuna við að ná markmiðum um sjálfbæra þróun hafa versnað. Atriði á borð við loftslagsbreytingar og minnkaðan líffræðilegan fjölbreytileika ásamt eftirliti með og fækkun gjöreyðingarvopna skiptir engu að síður alveg jafn miklu máli og áður. Viðbúnaðarmál og öryggi sjálfbærrar orku og stjórn yfir eigin innviðum skipta enn meira máli eftir árás Rússlands á Úkraínu og þróun síðustu ára á heimsvísu.

Vegna umsvifa Rússa og verri stöðu öryggismála í Evrópu hafa Finnland og Svíþjóð sótt um inngöngu í NATO. Möguleg NATO-aðild Finnlands og Svíþjóðar skapar nýja stöðu og nýja möguleika fyrir norrænt samstarf á sviði varnar- og öryggismála.

Við höfum litið svo á að þessi stóru viðfangsefni sem allt mannkyn stendur frammi fyrir verði eingöngu leyst með fjölþjóðlegu samstarfi.

Árásarstríð Rússlands má ekki líta á sem einangraðan atburð í sögunni. Þvert á móti er nú þörf á langtímasýn bæði til fortíðar og framtíðar. Framtíðarumræður með norrænu forsætisráðherrunum er hluti



af framtíðarráðstefnu sem Finnland hefur lagt til í formennskuáætlun sinni.

Þörf er á umræðum um hlutverk Norðurlanda í endurreisn Úkraínu, um hvernig við endurreisum og eflum heimsskipan sem byggist á reglum og hvernig við byggjum upp öruggari Evrópu til framtíðar.

Framtíðarumræður þurfa einnig að snerta á norrænu samstarfi og sameiginlegum málefnum á borð við framtíð velferðarlíkansins. Öryggi er grundvallaratriði og útgangspunktur allrar velferðar. Norðurlandaráð hefur kallað eftir öflugum Norðurlöndum þar sem löndin eru sameiginlega betur viðbúin ef krísuástand skapast. Norðurlandaráð vill í samvinnu norrænu ríkisstjórnanna og Norrænu ráðherranefndarinnar skapa sameiginlega framtíðarsýn fyrir Norðurlönd og norrænt samstarf.

Hugmyndin er að framtíðarumræðurnar taki mið af eftirfarandi leiðbeinandi spurningum.

1. Hvernig hafa Norðurlönd brugðist við og hvernig eiga þau að bregðast við breyttri stöðu öryggismála í Evrópu og breyttri heimsskipan sem byggist á reglum? Hvernig geta Norðurlönd lagt sitt af mörkum við að endurreisa og byggja upp heimsskipan sem byggist á reglum og efla lýðræði í heiminum?
2. Hvaða tækifæri skapast fyrir norrænt samstarf í ljósi þess að öll norrænu ríkin munu mögulega í náinni framtíð öll vera aðilar að NATO?
3. Hvað geta Norðurlönd gert til að vekja athygli á og vinna gegn sameiginlegum ógnunum á heimsvísu, s.s. loftslagsbreytingum, minnkuðum líffræðilegum fjölbreytileika, ógnun við fæðuöryggi og dreifingu gjöreyðingarvopna?
4. Á hvaða hátt geta Norðurlönd eflt samstarf sitt svo að þau taki þátt í að móta framtíð Evrópu?